

REGLUGERÐ

um (7.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

- a. Í 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 850“ fjárhæðin „kr. 400“.
- b. Í 2. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 350“ fjárhæðin „kr. 200“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

- a. Í a-lið 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 2.100“ fjárhæðin „kr. 1.600“.
- b. Í b-lið 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 500“.
- c. Í b-lið 2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 150“ fjárhæðin „kr. 100“.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:

- a. Í a-lið 1. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 400“ fjárhæðin „kr. 200“.
- b. Í b-lið 1. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 150“ fjárhæðin „kr. 100“.
- c. Í a-lið 5. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 500“.
- d. Í b-lið 5. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 400“ fjárhæðin „kr. 250“.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 31. janúar 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 456, 11. júní 2001,
um loðnuveiðar íslenskra skipa 2001/2002.**

1. gr.

Í stað: „438.389 lestir“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 968.389 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og laga nr. 151, 27. desember 1997, um veiðar utan lögsögu Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. janúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.